

## FUNDARGERÐ

362. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 19. ágúst 2015 kl. 9.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð. Fjarverandi Birna Bjarnadóttir, Ellert B. Schram, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

### 1. Fjölgun félagsmanna og fjármál félagsins - kjaramál

Fram kom að send voru bréf til fólks sem er fætt árin 1947 til 49 og að í kjölfar þess hefðu yfir 400 manns skilað sér í félagið. Nú eru félagsmenn skráðir 9.768. Þetta væri besti árangur sem náðst hefði í að ná í nýja félagsmenn. Það þyrfti líka að fá inn yngra fólk. Þar væri Afsláttarbókin eitt besta agnið. En réttindabaráttan væri mikilvæg og þar þyrftu menn að vera á vaktinni. Það væri farið að líta á FEB sem stéttarfélag eldra fólks. Einnig kom fram að Landssamband eldri borgara hefur ekki formlega boðað til fundar með FEB, en LEB er sá aðili sem ætti að vera í sambandi við stjórnvöld vegna kjaramálanna

Gísli greindi frá því að búið hefði verið að innheimta 35 milljónir á fyrsta ársfjórðungi í félagsgjöld. Þetta er meira en á sama tíma á síðasta ári, þegar 31 milljón höfðu náðst inn, en félagsgjöldin hafa líka hækkað. Hann gerði að umtalsefni valkvæðu 1000 króna viðbótargreiðsluna sem samþykkt var á síðasta aðalfundi og nú stæði til að rukka inn. Samþykkt að Erna myndi skrifa tillögu að texta til að senda út með greiðsluseðlinum. Þá kom fram að eldri borgari hefði unnið að viðhaldi hússins í Stangarhyl í sumar. Einnig að ferðirnar sem FEB hefði skipulagt fyrir félagsmenn væru að skila hagnaði. Afgangur af ferðunum hefði um tíma haldið félaginu gangandi en það væri spurning hvort menn vildu hafa það þannig. Erum ekki samkeppnisfær nema varðandi ákveðnar ferðir. En allur rekstrarkostnaður félagsins færi hækkandi og starfsmenn væru einum færri en áður. Sums staðar greiða sveitarfélög ferðirnar niður. En meginmálið væri að félagið ætti vel fyrir rekstri og fjármálin væru í góðu standi þó afborganir vegna láns sem hvíli á húsinu tæki í.

### 2. Byggingin í Mjóddinni

Það hefur ekki gengið að fá svör frá bönkunum vegna hugsanlgra framkvæmda. Fundað hefur verið með öðllum bönkunum og flestum nokkrum sinnum. Við vildum helst halda okkur við sama fyrirkomulag og var gert þegar byggt var í Hólabergi. Þeir bankar sem rætt hefur verið við vilja ekki stíga næstu skref. Það komu fram athugasemdir við deiliskipulag á svæðinu, einkum varðandi það að byggingin mætti ekki verða of há. Það liggur fyrir viljayfirlýsing, en enginn samningur og við þurfum að eiga fyrir lóðinni. Ef á að fara í bygginguna þarf að fá samstarfsaðila og vinna í þessum með bankanum. Rætt um húsbyggingar og Samtök aldraðra og um að ræða við samtökin, en nýr formaður þar væri Magnús Brynjólfsson. Fram kom að það væri enn áhugi hjá Samtökunum á samstarfi við FEB um þetta mál. Brynjólfur sagði að rætt hefði verið um að stofna sérstakt félag um fyrirhugaða byggingu.

### 3. Kjaramálin

Samþykkt tillaga Ellerts um fara á fund fjármála- og efnahagsráðherra með beiðni um stofnun reiknihóps aðila þ.e. FEB og ráðuneytisins vegna breytinga/hækkunar ellilífeyris og mjög svo skiptra skoðana varðandi þann útreikning. Samþykkt að Ellert, Brynjólfur, Þórunn og Gísli hitti ráðhera á fyrirhugðum boðuðum fundi aðila.

#### 4. Hreyfingarátakið framundan

Þórunn greindi frá því að gríðarlega mikill áhugi væri á hreyfingarátakinu. Fundað hefði verið með borgarstjóra í júlí og Ellert væri kominn þar í undirbúningshóp. Heilsuborg er að búa til nýtt verkefni fyrir 60+. Hægt er fyrir handhafa hreyfiseðla að leita þangað. World Class býður eldri borgurum 20% afslátt, en stöðin hefði verið með átak fyrir eldri borgara í stíl við rannsóknir Janusar. Félagið ætlaði svo að bjóða annan gönguhóp, stafagöngu, og hefði leitað til fólks um að taka það að sér. Landlæknir hefði tekið vel í hreyfingarátakið og Guðrún Ágústsdóttir formaður Öldungaráðs Reykjavíkur vildi einnig koma að málinu. Þá ætti að kynna það félaginu U3A. Næsta tölublað Félagstíðinda mun að mestu fjalla um heilusáttak og mataræði. Þá væri hugmyndin að halda ráðstefnu í jan/febrúar um hreyfingu í tengslum við opnun nýrrar stöðvar í Breiðholti.

#### 5. Félagstíðindi

Þórunn sagði að það væri komið að nýju tölublaði Félagstíðinda. Það hefði verið farið í ákveðinn snúning til að breyta blaðinu og framhald yrði þar á þar sem vel tókst til með síðasta blað. Útgáfa blaða væru vandi og þeim hefði seinkað. Þau væru að stórum hluta unnin af formanni og framkv.stjóra. En nú væri ætlunin að kalla eftir greinum. Það væri nauðsynlegt að sá sem sæi um blaðið væri með fingurinn á púlsinum í starfi félagsins þannig að efnið kæmi þaðan. Fram kom að það hefði alltaf verið tap á blaðinu. Þórunn sagði frá því að Erna hefði komið með hugmyndir um hvernig standa mætti að blaðaútgáfu FEB og það væri verið að skoða það. Erna bauðst svo til að kynna hugmyndirnar fyrir stjórninni og var samþykkt að gera það á næsta fundi.

#### 6. Nefndir félagsins

Umfjöllun um þær var frestað.

#### 7. Hauststarfið og nýjar tillögur

Haldið væri áfram með flest frá því í vor og fyrra, s.s. Íslendingasagnanámskeið í umsjón Baldurs Hafstað. En einnig væri ætlunin að brydda upp á nýjungum s.s. fyrirlestur um ákveðið land og síðan yrði farið í ferð þangað. Þá væri ætlunin að vera með hóp á leiksýningu í Borgarleikhúsinu og fjalla um norrænar sakamálasögur.

#### 8. Fréttir af fundi með velferðarsviði

Fulltrúar FEB áttu fund með stjórnendum velferðarsviðs borgarinnar. Það hefur komið til tals að FEB taki við félagsmiðstöðvum borgarinnar og það væri full meining með þessu. Borgin rekur 17 félagsmiðstöðvar og hugmyndin væri að FEB byrjaði með eina félagsmiðstöð og gerð yrði tilraun þar með að tvinna saman rekstur ráðgjafar og félagsmiðstöðvar. Þannig yrði fólk einnig í beinu sambandi við þá sem veita því ráðgjöf. Komið hefur til tals að FEB myndi losa sig við húsið og skuldirnar, en fá aðstöðu fyrir skrifstofu hjá borginni. Ætlunin er að að halda fund með borginni í næsta mánuði og halda áfram að ræða málin áfram en áður þarf að móta frekar „áherslur“ FEB í þessum málum.

#### 9. Könnun á viðhorfum til FEB

Gerð var netkönnun meðal félagsmanna sem snúa að starfi FEB. Fram kom að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna vill að félagið berjist fyrir kjaramálum eldra fólks eða 70%. Um 30% nefna aðra þætti, fræðslu, hollustuhætti og húsnæðismál.

Næsti fundur stjórnarinnar er á dagskrá þriðjudaginn 15. september. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.00.